

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

33. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi þann 11.05.2015 og hófst kl. 21:00.

Mætt voru:

Atli Sveinn Svansson, Jón Oddsson, Sif Matthíasdóttir, Hilmar Hallvarðsson og Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi frá eigendum Lynghaga í Eyja- og Miklaholtshreppi vegna hitaveituskúrs.

Óskað er eftir breytingu á áður samþykktum byggingarnefndarteikningum fyrir dæluhús fyrir hitaveituna við Lynghaga.

Með erindinu fylgja teikningar frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar, Brautarholti 10-14, 105 Reykjavík.

Um er að ræða hitaveituskúr 3,4 x 4,9 m² að flatarmáli, vegghæð 2,64m, þakhæð 1,66m, mænishæð frá gólfplötu er 4,3 m.

Sökkull, botnplata og hluti veggja er steinsteypt. Stálgrind klædd báruklæðningu.

Burðarvirki þaks er stál, klætt bárustáli.

Skipulags- og byggingarnefnd hefur á fundi sínum þann 28.07.2014 samþykkt leyfi fyrir dæluhúsi við Lynghaga, eftirfarandi var bókun nefndarinnar;

„Erindi frá Félagsbúinu Miðhrauni 2.

Sótt er um leyfi fyrir 16,7 m² dæluhúsi vegna hitaveituf framkvæmda, sem staðsett verður í landi Lynghaga, norðan Snæfellsnesveggar, 54-07 í stöð 310 samkvæmt meðfylgjandi teikningu. Vegagerð ríkisins hefur heimilað staðsetninguna fyrir sitt leyti. Samþykkt.“

Vegagerðin hefur með tölvupósti þann 24.10.2014 frá Magnúsi Val Jóhannssyni umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Vesturlandi, samþykkt breytingu á dæluhúsinu fyrir sitt leyti.

Skipulags- og byggingarnefnd hefur áður fjallaðum þessar breytingarteikningar en málið ekki hlotið afgreiðslu vegna þess að ekki lá fyrir hvort staðsetning hússins væri að öllu leyti innan lóðar Lynghaga. Nú liggur fyrir uppdráttur með nákvæmri staðsetningu hússins og skv. honum fer húsið lítillega út fyrir mörk lóðar Lynghaga eða um 40 cm.

Nefndin samþykkir byggingarleyfi fyrir húsinu með vísan til bókunar hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps frá 16. apríl sl.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

2. Erindi dags. 19.03.2015 frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar, Brautarholti 10-14, 105 Reykjavík f.h. Miðhrauns.

Sótt er um breytingar á áður samþykktum byggingarnefndarteikningum vegna starfsmannahúss í landi Miðhrauns.

Samþykkt.

3. Erindi frá Fjalari Kristjánssyni.

Sótt er um leyfi fyrir rifum á matshluta 03-0101 á jörðinni Litlu-Þúfu í Eyja- og Miklaholtshreppi sem er fjós byggt árið 1962. Stærð 40,5 m².

Samþykkt.

4. Erindi frá Þórði Runólfssyni og Áslaugu Sigvaldadóttur, Syðra-Lágafelli, Eyja- og Miklaholtshreppi f.h. Helga Guðjónsdóttur.

Sótt er um leyfi fyrir rifum á gróðurhúsi, 02-0101, byggt 1991, stærð 72 m².

Samþykkt.

5. Erindi frá Þórði Runólfssyni og Áslaugu Sigvaldadóttur, Syðra-Lágafelli, Eyja- og Miklaholtshreppi f.h. Helga Guðjónsdóttur.

Sótt er um leyfi fyrir notkunarbreytingu á gróðurhúsi, 02-0101, byggt 1991, stærð 82,5 m².

Samþykkt að skrá húsið fyrir aðra notkun.

6. Erindi frá Einari Ólafssyni í Söðulsholti, Eyja- og Miklaholtshreppi.

Sótt er um leyfi fyrir byggingu fjögurra útleiguhúsa á jörðinni.

Samþykkt með fyrirvara um leiðréttar teikningar.

7. Erindi dags. 21.04.2015 frá Höllu Guðmundsdóttur f.h. sóknarnefndar Fáskrúðarbakkakirkju og Miklaholtskirkju.

Sótt er um staðfestingu á nýjum lóðarmörkum fyrir lóðir umhverfis kirkjurnar að Fáskrúðarbakka og í Miklaholti.

Með erindinu fylgdu teikningar frá Sigurgeir Skúlasyni, landfræðingi og verkefnisstjóra Kirkjugarðaráðs.

Samþykkt með fyrirvara um leyfi landeigenda.

8. Erindi frá Ásgeiri Gunnari Jónssyni f.h. Rarik ohf í Stykkishólmi.

Sótt er um leyfi fyrir legu jarðstrengja og staðsetningu spennistöðva á neðangreindum jörðum. Ástæða fyrirhugaðra framkvæmda er liður í að auka rekstraröryggi raforkukerfisins í Eyja og -Miklaholtshreppi.

Í erindinu er bent á að samlegaðaráhrif við lagningu ljósleiðara samhliða þessu verkefni RARIK eru veruleg og nauðsynlegt að það sé skoðað, þ.e. hvort og þá hvernig því verði best við komið.

a) Rarik áformar að leggja háspennujarðstreng frá aðveitustöð í landi Straumfjarðartungu austur Eyja og- Miklaholtshrepp með viðkomu hjá eftirtöldum bæjum: Eiðhúsum, Fáskrúðarbakka, Breiðabliki, Gröf, Stóru-Þúfu, Litlu-Þúfu, Miklaholti, Miklaholtsseli, Kringlumýri, Hömluholtum og Rauðkollstöðum.

b) Leggja háspennujarðstreng austur sveitina frá Miðhrauni með viðkomu á Lækjarmótum/Hörgsholti, Borg, Kleifárvöllum og að Svarfhóli.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

Einnig er fyrirhugað að setja niður jarðspennistöðvar fyrir viðkomandi notendur. Í framhaldi á að taka niður loftlínur spennistöðvar og staura Rarik á sömu jörðum. Kerfið er komið til ára sinna – að stofni til frá 1965.

Strenglagnir Rarik eru háðar samráði og skriflegu leyfi landeigenda.

Málið kynnt, framkvæmdaraðila bent á að sækja þarf um til sveitarfélagsins til mats á því hvort framkvæmdin sé framkvæmdaleyfisskyld.

9. Húsin við Léttuhlíð 1 og 3 í Helgafellssveit.

Samþykkt hefur verið stöðuleyfi fyrir húsin, en auglýsa átti deiliskipulag fyrir svæðið þegar aðalskipulag lægi fyrir. Fyrir liggur beiðni sveitarfélagsins um skráningu húsanna í Þjóðskrá og voru umræður um málið.

Samþykkt að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að leita álits

Skipulagsstofnunar á því hvort breyta megi landnotkun Léttuhíðar við endanlega staðfestingu aðalskipulagsins.

10. Hús með stöðuleyfi í landi Skjaldar í Helgafellssveit.

Samþykkt hefur verið stöðuleyfi fyrir húsið, en ekki var unnt að samþykka byggingarleyfi á sínum tíma þar sem ekki lá fyrir samþykki meðeigenda jarðarinnar fyrir byggingarleyfinu. Fyrir liggur beiðni sveitarfélagsins um skráningu hússins í Þjóðskrá og voru umræður um málið.

Samþykkt að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að afla upplýsinga um hvort leyfi meðeigenda jarðarinnar fái til að heimila byggingarleyfi fyrir húsið.

11. Erindi dags. 27.04.2015 frá Jóni Magnúsi Halldórssyni, Blómvöllum 16, 221

Hafnarfirði f.h. AB-Fasteigna kt. 54.09.09-2450, Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogi.

Sótt er um byggingarleyfi fyrir staðsteyptu stöðvarhúsi fyrir Svelgsárvirkjun sem nú heitir Mosvallavirkjun. Brúttóflötur er 98,8 m², brúttórúmmál 478,7 m³. Sökkklar, útveggir og botn eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu. Þak er einangrað sperrupak, útveggir steinaðir að utan.

Samþykkt að heimila byggingarleyfi fyrir stöðvarhúsi í samræmi við fyrirbyggjandi teikningar og deiliskipulag.

Sif Matthíasdóttir greiddi ekki atkvæði með afgreiðslu málsins því ekki hefur verið gefið út framkvæmdaleyfi fyrir vegagerð.

12. Erindi dags. 29.04.2015 frá Guðmundi Hjartarsyni.

Sótt er um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi á Helgafelli 2. Með erindinu fylgdu teikningar frá Hjörleifi Sigurþórssyni byggingarfræðingi.

Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að afla álits Minjavarðar Vesturlands.

Samþykkt.

13. Erindi dags. 07.04.2015 frá Óskari Hjartarsyni.

Sótt er um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi á spildu úr landi Helgafells sem ber nafnið Fell. Með erindinu fylgdu teikningar frá Loftorku.

Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að afla álits Minjavarðar Vesturlands.

Samþykkt.

14. Aðalskipulag Helgafellssveitar.

Lögð fram gögn frá Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt, vegna lagfæringa á landnotkunarreit vegna Svelgsárvirkjunar.

Lagt fram til kynningar.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

15. Gjaldskrá byggingarleyfa fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp og Helgafellssveit. Lagt fram til kynningar og málið kynnt. Byggingarfulltrúa falið að kanna hvort mögulegt sé að hafa sitt hvora gjaldskrána fyrir hvort sveitarfélag, vegna byggðasamlags sveitarfélaganna um skipulags- og byggingamál.

16. Önnur mál:

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 23:45.

Sign.